

# Solid Clouds hf.: Tillögur um lækkun hlutafjár og upplýsingar um fyrirhugaða fjármögnun með breytanlegum skuldabréfum

Stjórn Solid Clouds hf. (Nasdaq First North Growth Market Iceland: SOLID) hefur samþykkt að leggja fyrir komandi hluthafafund tillögu um lækkun hlutafjár félagsins til jöfnunar taps. Lækkun hlutafjár félagsins er forsenda þess að félagið geti gefið út nýja hluti á nafnverði, þ.m.t. vegna umbreytingar breytanlegra skuldabréfa, í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Tillaga stjórnar miðar við að hlutafé félagsins verði lækkað um 2/3.

Jafnframt mun stjórn leggja til á hluthafafundi félagsins að félaginu verði veitt heimild til að ráðast í fjármögnun með útgáfu breytanlegra skuldabréfa, samtals að höfuðstólsfjárhæð allt að 400.000.000 króna, til að styðja við áframhaldandi rekstur, vöxt og aukningu umfangs markaðssetningar félagsins.

Breytanlegu skuldabréfin, sem munu öll bera 25% fasta ársvexti, eru gefin út í þremur áföngum:

- **Áfangi 1 (Upphafsafangi):** Höfuðstóll allt að 100.000.000 króna. Útgáfa fer fram strax í kjölfar hluthafafundar. Breytigengi er 1 króna á hlut. Kröfuhafar í Áfanga 1 skuldbinda sig til að kaupa skuldabréf í Áfanga 2, að uppfylltum skilyrðum vegna Áfanga 2. Breytigengi er 1 króna á hlut. Kröfuhafar skuldbinda sig til að samþykkja breytiskyldu í hluti í félaginu ef stjórn félagsins tekur, að uppfylltum skilyrðum, ákvörðun um að nýta sér heimild til að gefa út skuldabréf í Áfanga 3.
- **Áfangi 2 (Árangurstengdur áfangi):** Höfuðstóll allt að 100.000.000 króna. Útgáfa er háð skilyrðum um (i) lágmarksviðmið í arðsemi auglýsingakostnaðar innan 15 mánaða frá útgáfu skuldabréfa í Áfanga 1 og (ii) að rannsóknar- og þróunarverkefni, sem félagið er eigandi að, hafi hlotið staðfestingu samkvæmt 5. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og veiti félaginu rétt til sérstaks frádráttar frá álögðum tekjuskatti skv. 10. gr. sömu laga, að fjárhæð allt að 135.000.000 kr. Breytigengi er 1 króna á hlut. Kröfuhafar í Áfanga 2 skuldbinda sig til að samþykkja breytiskyldu í hluti í félaginu ef stjórn félagsins tekur, að uppfylltum skilyrðum, ákvörðun um að nýta sér heimild til að gefa út skuldabréf í Áfanga 3.
- **Áfangi 3 (Valkvæður áfangi):** Höfuðstóll allt að 200.000.000 króna. Útgáfa er skilyrt við ákveðin fjárhagsleg viðmið félagsins (þ.e. að 4-12 mánuðir séu liðnir frá útgáfu skuldabréfa í Áfanga 2, mánaðarlegar heildartekjur að frádregnum þóknunum hafi náð lágmarki 30.000.000 kr. fyrir a.m.k. einn mánuð, og miðgildi 30 daga arðsemi auglýsingakostnaðar síðustu þriggja mánaða sé að lágmarki 30%). Kröfuhafar í Áfanga 1 hafa valrétt (en ekki skyldu) til að taka þátt í Áfanga 3. Breytigengi er markaðsgengi að frádregnum 35% afslætti, þó aldrei lægra en 1 króna á hlut.

Viðræður félagsins við fjárfesta eru hafnar eins og upplýst var í tilkynningu á markaðinn 4. mars sl. Með tilkynningunni fylgdi uppfærð kynning á stöðu félagsins, þar sem gerð er m.a. grein fyrir verulegri aukningu á virkni spilara í kjölfar nýjustu uppfærslu leiksins Starborne Frontiers og vaxandi arðsemi markaðsstarfs félagsins (e. Return on Ad Spend). Líkt og sagði í tilkynningunni er stefnt að því að ljúka framangreindri fjármögnun á fyrri hluta næsta ársfjórðungs en félagið vinnur að því að tryggja sér lausafjárfjármögnun fram að því.

Fjárfestar sem hafa áhuga á frekari upplýsingum vegna þátttöku er bent á að setja sig í samband við félagið.

#### Tengiliður / fyrir frekari upplýsingar:

Egill Örn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri  
[egillsig@solidclouds.com](mailto:egillsig@solidclouds.com)

*Árétting: Tilkynning þessi felur hvorki í sér skuldbindandi tilboð af hálfu félagsins til sölu né áskorun um kaup á fjármálagerningum.*

#### Viðhengi

[Solid Clouds hf.: Tillögur um lækkun hlutafjár og upplýsingar um fyrirhugaða fjármögnun með breytanlegum skuldabréfum](#)